

Ný reglugerð um greiðsluþáttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu

Tekur gildi 1. janúar 2019

Velferðarráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð sem tekur gildi þann 1. janúar 2019 og varðar hún greiðsluþáttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Helstu breytingar eru m.a.

- Hámarksgreiðsla fyrir almenna hækkar í 26.100 kr og fyrir aldraða, öryrkja og börn í 17.400 kr.
- Komugjöld á heilsugæslu: **aldraðir og öryrkjar ekkert gjald**
- Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa.
 - o Almennir 6.700 kr. og aldraðir og öryrkjar 4.400 kr.
- Fyrir komu og endurkomu á dag- eða göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en sérgreinalækna
 - o Almennir 3.700 kr. og aldraðir og öryrkjar 2.400 kr.
- Keiluskurðaðgerðir skv. 6. mgr. 13. gr. hækka upp í 26.100 kr.
- Kransæða- og hjartaþræðing skv. 7. mgr. 13. gr. hækkar upp í 26.100 kr.

Helstu breytingar vegna rannsókna:

- Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttnimælingar
 - o Almennir 2.700 kr.
 - o Aldraðir og öryrkjar 1.800 kr.
 - o Börn ekki með tilvísun 1.800 kr.
 - o Einingaverð fyrir Röntgen: 235 kr.

Reglugerðina má finna í heild sinni á eftirfandi slóð:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cb131471-09f3-11e9-942f-005056bc530c>

Upplýsingar um gjaldskrá vegna heilbrigðisþjónustu er að finna á heimasíðu Sí:

<http://www.sjukra.is/um-okkur/fjarhaedir-og-gjaldskrar/>

Notendur Sögukerfisins þurfa ekki að hafa áhyggjur af greiðsluhámarki sem breytist fyrir gjaldflokkinn Almennur og hjá Öldruðum, Öryrkjum og Börnum. Það gerist sjálfkrafa í skeyti frá Sí til Sögu.

Hvað varðar reglugerðina sjálfa og breytingar á Verðskrá þá þurfa kerfisstjórar að lesa hana gaumgæfilega. Breyta þarf verði á öllum gjaldflokkum í Verðskrá samkvæmt reglugerðinni. Stærsta breytingin er sú að aldraðir og öryrkjar greiða nú ekkert komugjald á heilsugæslu og þarf því að setja núll krónur í Verðskrá hjá þeim.

Á myndinni hér fyrir neðan er einungis sýnt dæmi um breytingar á komugjaldi á slysadeild/bráðamóttöku sjúkrahúss og komu og endurkomu vegna annarra en lækna.

Athugið að aðrar gjaldskrárbreytingar (sjá reglugerð) eru gerðar með sama hætti og sýnt er á myndinni. Farið er í „Umsjón“ - „Stillingar“ - „Verðskrá“ og verði breytt fyrir alla gjaldflokka. Ekki þarf lengur að setja afsláttarverð í afsláttardálk þar sem afsláttur reiknast sjálfkrafa í greiðslubak sjúklings. En setjið til öryggis inn sama verð og er í Verð dálkinum.

Nr.	Verðflokkur	Gjaldaliður	Verð	Afsl. verð	Virkt?
2277	Almennur (18-66 ára)	Koma á Slysa- og göngudeild			<input checked="" type="checkbox"/>
2278	Barn	Koma á Slysa- og göngudeild			<input checked="" type="checkbox"/>
2279	Barn með umönnunarbætur	Koma á Slysa- og göngudeild			<input checked="" type="checkbox"/>
2280	Elillífeyrisþegi I (67-69 ára)	Koma á Slysa- og göngudeild			<input checked="" type="checkbox"/>
2281	Elillífeyrisþegi II (70+)	Koma á Slysa- og göngudeild			<input checked="" type="checkbox"/>
2282	Ororkulífeyrisþegi	Koma á Slysa- og göngudeild			<input checked="" type="checkbox"/>
2251	ÓSJÚKRATRYGGÐIR	Koma á Slysa- og göngudeild			<input checked="" type="checkbox"/>
2283	Almennur (18-66 ára)	Koma og endurkoma vegna annarra en læk			<input checked="" type="checkbox"/>
2284	Barn	Koma og endurkoma vegna annarra en læk			<input checked="" type="checkbox"/>
2285	Barn með umönnunarbætur	Koma og endurkoma vegna annarra en læk			<input checked="" type="checkbox"/>
2286	Elillífeyrisþegi I (67-69 ára)	Koma og endurkoma vegna annarra en læk			<input checked="" type="checkbox"/>
2287	Elillífeyrisþegi II (70+)	Koma og endurkoma vegna annarra en læk			<input checked="" type="checkbox"/>
2288	Ororkulífeyrisþegi	Koma og endurkoma vegna annarra en læk			<input checked="" type="checkbox"/>
2289	ÓSJÚKRATRYGGÐIR	Koma og endurkoma vegna annarra en læk			<input checked="" type="checkbox"/>
1662	Barn með umönnunarbætur	Koma utan dagvinnutíma			<input checked="" type="checkbox"/>
2292	Elillífeyrisþegi I (67-69 ára)	Koma utan dagvinnutíma			<input checked="" type="checkbox"/>

Ef þið þurfið aðstoð við þetta þá sendið okkur póst á thjonusta@origo.is.